

*Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf.
Aðalfundur 8. mars 2007, kl. 16.00
Ræða stjórnarformanns – Björgólfs Thors Björgólfssonar*

Kæru hluthafar, samstarfsmenn. Góðir gestir.

Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki tók miklum breytingum á árinu 2006. Stjórn bankans ákvað að fylgja fast eftir markmiðum sameiningar Burðaráss og Straums um að félagið yrði öflugt alþjóðlegt fyrirtæki sem væri í hópi leiðandi fjárfestingabanka á Norðurlöndum og í Norður-Evrópu.

Alþjóðavæðing íslenskra félaga hefur fram til þessa falist helst í því að íslensk fyrirtæki hafa á erlendum mörkuðum gert það sem þau voru orðin góð í á heimamarkaði og hefur sú þróun því oft verið kennd við útrás. Við í stjórn Straums-Burðarás höfum einsett okkur að nálgast uppbyggingu félagsins með öðrum hætti. Okkar markmið er að bankinn verði í eðli sínu alþjóðlegur, - að hann starfræki öflugar starfsstöðvar í mikilvægustu fjármálaborgum Norður-Evrópu, hafi á að skipa starfsfólki með ólíkan menningarlegan bakgrunn og þekkingu, sé leiddur áfram af framúrskarandi alþjóðlegum stjórnendum með þekkingu og reynslu á sviði fjárfestingabankastarfsemi, eigi alþjóðlegar eignir og hafi tekjur í öflugum myntum. Þá er mikilvægt að uppgjörsmýnt bankans njóti trausts á alþjóðamörkuðum og að unnt sé að skrá hlutabréfin í bankanum í myntum sem alþjóðlegir fjárfestar þekkja enda er það veigamesti þátturinn í alþjóðavæðingu íslenskra fyrirtækja að fá til liðs við þau öfluga erlenda og alþjóðlega fjárfesta.

Á síðasta ári, og það sem af er þessu, hefur Straumur-Burðarás nálgast þessi markmið sín hröðum skrefum. Félagið sér tækifæri á Norðurlöndum til að sinna litlum og meðalstórum fyrirtækjum betur en stóru alþjóðlegu bankarnir sem eyða kröftum sínum einkum í stærri fyrirtæki en hafa vanrækt þau minni.

Í Kaupmannahöfn var opnað í fyrra útibú undir forystu öflugra heimamanna og nú í janúar á þessu ári hófst sambærileg starfsemi í London. Þá keypti félagið helmingshlut í

fjárfestingafélaginu Stamford Partners sem heldur úti sérhæfðri fjárfestingabankastarfsemi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í tilteknum atvinnugreinum og er bæði með skrifstofur í London og Amsterdam. Þá hefur lið stjórnenda verið eflt með ráðningu einstaklinga með fjölbreytta og alþjóðlega reynslu. Þá blasir við að nafn okkar ágæta félags, - Straumur-Burðarás, er rammíslenskt og hefur fram að þessu þjónað vel sínum tilgangi, - en að sama skapi er það ólipurt í framburði fyrir útlendinga sem ekki þekkja sérhljóða okkar. Í ljósi stefnumótunar félagsins er nú þegar hafin vinna við nýtt nafn á félaginu og verður það kynnt í fyllingu tímans.

Uppruni tekna félagsins er nú að meirihluta erlendis frá og að sama skapi er eignasafn bankans að miklu leyti erlent. Stjórn Straums-Burðaráss ákvað síðla síðasta árs að uppgjörsmýnt félagsins yrði evra og fyrir þessum fundi liggur tillaga um að stjórnin fái heimild til að gefa út hlutafé í sömu mynt. Ástæður þessara ákvarðana eru einkum þær að auðvelda skilning erlendra aðila á félaginu með því að gera upp og skrá félagið í mynt sem þeir þekkja og treysta og að draga úr áhættu sem stafar af sveiflum krónunnar sem er alminnsta sjálfstæða mynt heims. Að mati stjórnar Straums-Burðaráss er það ljóst að eigi félagið að ná markmiðum um að verða alþjóðlegur banki verður hann hafa frelsi til að ákvarða sjálfur um sín mál, - ekki síst í hvaða gjaldmiðlum hann telur hagstæðast að stunda sín viðskipti.

Víða þætti slíkt frelsi sjálfsagður hlutur. Engu að síður hefur á Íslandi borið á gagnrýni á ákvarðanir Straums-Burðaráss. Heyrst hafa raddir um að takmarka þurfi frelsi fjármálafyrirtækja og í framhaldinu hafa stjórnvöld með undarlegum hætti brugðið af leið aukinnar alþjóðavæðingar og viðskiptafrelsis.

Allt frá 1991 hafa allar ríkisstjórnir hér á landi stefnt að auknu frelsi í viðskiptum, aukinni þátttöku fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum og að tryggja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs á alþjóðavettvangi.

Forsætisráðherra kynnti í október síðastliðnum skýrslu um hvernig koma mætti á fót öflugri alþjóðlegri fjármálastarfsemi á

Íslandi. Þar kom fram að gagnsæi í reglum og jákvæð viðhorf til alþjóðlegra markaða og fjárfesta skipti miklu máli við uppbyggingu á slíkri starfsemi og kom einnig fram að "... grundvallaratriði fyrir því að varanlegur árangur náist er að lög og reglur sæti ekki fyrirvaralitlum grundvallarbreytingum...", - eins og þar segir orðrétt. Því skýtur það skökku við að fjármálaráðherra skuli í febrúar, eða eingöngu þremur mánuðum síðar, fyrirvaralaust breyta og þrengja reglur varðandi uppgjör fjármálafyrirtækja í alþjóðlegri mynt og setja án rökstuðnings skilyrði sem erfitt getur reynst að uppfylla. Svo virðist sem stefnu stjórnvalda um aukið frelsi í viðskiptum og minni afskipti ríkisvaldsins til sextán ára sé skyndilega snúið í gagnstæða átt, - án allra skýringa.

Við í Straumi-Burðarási skiljum ekki þau höft sem ríkisstjórnin ákveður að skella á íslensk fjármálafyrirtæki. Við skiljum ekki af hverju stjórnvöld skipta um skoðun á augabragði eftir sérstaklega farsæla og árangursríka uppbyggingu á alþjóðlegri fjármálastarfsemi á Íslandi í kjölfar þess að losað var um hömlur og ríkisafskipti.

Íslenskt stjórnvöld skulda fjármálafyrirtækjum trúverðuga skýringu á því hvers vegna Ísland sé fyrsta lýðræðisríkið á þessari öld til að taka upp gjaldeyrishöft á sama tíma og menn dreymir um að koma hér á fót alþjóðlegri fjármálamiðstöð?. Hvers vegna þessi skyndilegu sinnaskipti? Satt best að segja þá er allt of mikið í húfi til að menn geti fórnað margra ára uppbyggingu með vanhugsuðum skammtímalausnum.

Ég hef í allmörg ár starfað sem fjárfestir víða í Evrópu og þekki af eigin raun mismunandi afskipti hins opinbera af atvinnulífi. Í flestum löndum er stefna stjórnvalda nokkuð skýr og þá er stefnt að auknu frelsi og minni afskiptum ríkisvalds af eignarhaldi og rekstri fjármálafyrirtækja. Í Svíþjóð eru veruleg inngríp ríkisins í fjármálafyrirtæki, en ég sat í stjórn eins elsta fjárfestingabanka á Norðurlöndum, hinum sænska Carnegie. Af hagnaði bankans tók ríkissjóður helming til sín, stjórnendur um 30% og því runnu aðeins 20% til hluthafanna eða til uppbyggingar félagsins. Háir skattar og skammtímahagsmunir stjórnenda hafa hamlað framþróun fjárfestingabanka á svæðinu og leitt til þess að bankar

í London eru nú orðnir umsvifamestir á norrænum fjárfestingabankamarkaði. Með öðrum orðum þá skáka þeir þeim norrænu á þeirra heimamarkaði.

Ljóst er að íslensk fjármálafyrirtæki, sem hafa um helming tekna sinna af starfsemi sinni erlendis, geta ekki unað því að þrengt verði að kostum þeirra með sértækum aðgerðum hér á landi og samkeppnistaða þeirra þannig skekkt gagnvart erlendum keppinautum.

Ísland hefur verið góður staður til að byggja upp öflugan fjárfestingabanka. Nú þegar Straumur-Burðarás er að komast í þá stöðu að geta raunverulega farið að takast á við kröfur sem gerðar eru til alþjóðlegra fyrirtækja verða skyndileg sinnaskipti hjá stjórnvöldum á Íslandi. Slíkar fyrirvaralausar breytingar knýja fyrirtæki á borð við Straum-Burðarás til að kanna möguleika á að færa félagið til annars lands. Til greina koma bæði Bretland og Írlandi þar sem í boði er 12,5% tekjuskattur til 10 ára að lágmarki. Að auki fæst meira traust á starfsumhverfi bankans þar sem bankasagan er í þessum löndum lengri og viðurkenndari, reynslumeira fjármálaeftirlit og síðast en ekki síst alþjóðlegur gjaldmiðill.

Fjármagn streymir nú á leyfturhraða á milli borga, landa og heimsálfa. Alþjóðleg fjármálaviðskipti, - þar sem bankar og fjármálafyrirtæki þvert á öll landamæri kaupa og selja, sameina og taka yfir, lána og endurlána, fjármagna og endurfjármagna og þar fram eftir götum, aukast dag frá degi, - enda einn helsti vaxtabroddur viðskiptalífs og aflvaki hagvaxtar í heiminum í dag. Íslensk stjórnvöld ráða litlu um gang þeirra viðskipta, - þau ráða því einu hvort íslensk fyrirtæki geti tekið þátt í þeim og skapað Íslendingum störf á þeim vettvangi.

Við í stjórn Straums-Burðaráss höfum tekið ákvörðun um að bankinn okkar mun taka þátt í þeim viðskiptum af fullum krafti.

Góðir gestir.

Straumur-Burðarás hefur skýra sýn til framtíðar. Stjórn félagsins einsetti sér að breyta áherslum og eðli fyrirtækisins. Þau

umskipti hafa ekki verið átakalaus eins og fram kom á síðasta ári m.a. þegar ráðinn var nýr forstjóri, Friðrik Jóhannsson, í stað Þórðar Más Jóhannessonar og fór væntanlega ekki framhjá neinum sem hér situr í dag. En þannig er það oftast á tímum umbreytinga, - og þannig er það einnig á tímum umbóta. Sitt sýnist hverjum. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að stjórn Straums-Burðaráss hafi tekið réttar ákvarðanir við erfiðar aðstæður og hafi sýnt frumkvæði og áræði þegar máli skipti, - einkum hvað varðar að styrkja alþjóðlegan grunn félagsins.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka starfsmönnum Straums-Burðaráss fyrir þeirra framlag. Það hefur ekki alltaf verið auðvelt að stíga ölduna í umróti síðustu mánaða, en það hefur okkar góða liði tekist, og á sama tíma tryggt góðan og arðbæran rekstur. Síðasta ár var fyrsta heila starfsár Straums-Burðaráss og var hagnaður góður og arðsemi eigin fjár 42 %, en síðar á þessum fundi gerir forstjóri félagsins grein fyrir afkomu ársins.

Þá vil ég not tækifærið og bjóða velkomið allt það nýja og góða starfsfólk sem gengið hefur til liðs við okkur á síðustu vikum og mánuðum. Straumur-Burðarás er metnaðarfullur banki og því er til mikils vænst af hverjum og einum.

Að lokum vil ég vekja athygli á þeirri ánægjulegu þróun sem átt hefur sér stað í hópi hluthafa félagsins. Á undanförunum vikum hafa erlendir fjárfestar keypt hlutabréf í Straumi-Burðarás og hafa þeir nú eignast umtalsvert hlutafé í félaginu. Að mínum dómi er þetta skýrasta viðurkenningin á að alþjóðleg stefnumótun félagsins er að ganga eftir. Það er því fagnaðarefni að þessari þróun er fylgt eftir með framboði eins fulltrúa þessara aðila til stjórnar Straums –Burðarás. Þar er á ferðinni maður sem situr einnig í stjórn Yale Endowment sjóðsins sem ítrekað hefur fengið viðurkenningar fyrir faglegar og árangursríkar fjárfestingar. Sú reynsla sem slíkir fjárfestar geta gefið félagi eins og Straumi-Burðarási, sem er í hröðum vexti, er afar gagnleg og verðmæt.

Góðir gestir

Straumur-Burðarás er ungt félag sem byggir á gömlum grunni. Við höfum skýra sýn til framtíðar, eigum góðu liði starfsfólks og stjórnenda á að skipa og að baki standa fjárfestar sem hafa trú á fyrirtækinu og framtíð þess. Fram að þessu hefur félagið verið að finna sér réttan farveg á hinum alþjóðlega markaði. Það hefur tekist og trúið mér; við erum rétt að byrja.

Takk fyrir.